

leggjast við höfuðstólinn, en þrír fjórðu vaxtanna komi til verðlauna samkvæmt 2. gr. Skal sjóðurinn taka til starfa, þegar $\frac{3}{4}$ vaxtanna nema 5000 krónum. Sjóðsstjórnin geymi fé sjóðsins í venjulegri viðskiptabók í sparisjóði Landsbanka Íslands, eða þá að einhverju leyti í ríkistryggðum skuldabréfum. Aldrei má lána úr sjóðnum og aldrei veðsetja hann.

5. gr.

Stjórn Bókmenntasjóðsins annast á hverjum tíma stjórn Félags íslenzkra rithöfunda, og úthlutar úr honum.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar hans lagðir fram endurskoðaðir á hverjum aðalfundi Félags íslenzkra rithöfunda.

7. gr.

Verði Félag íslenzkra rithöfunda lagt niður eða sameinað öðru félagi, skal Bókmenntasjóðurinn starfa áfram sem sérstök stofnun undir stjórn norrænueldar Háskóla Íslands. Sjóðurinn beri þó eftir sem áður sama nafn, og starfi í höfuðdráttum samkvæmt skipulagsskrá þessari.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má aðeins breyta á aðalfundi með samþykki $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða, og hafi breytingartillögur komið fram og verið ræddar á næsta aðalfundi á undan.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í Stjórnartíðindum.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Afmælistjóð Kristjáns Þorsteinssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. júní 1963. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Afmælistjóð Kristjáns Þorsteinssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Afmælistjóður Kristjáns Þorsteinssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af foreldrum Kristjáns, Guðrínu Guðmundsdóttur og Þorsteini Jónssyni, Sólvöllum 13, Akureyri, með minningargjöf að fjárhæð kr. 25000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur — til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Kristján var fæddur 25. ágúst 1929 og andaðist 20. desember 1949.

3. gr.

Sjóðurinn er eign Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, en með sérstöku reikningshaldi, og er hann undanþeginn öllum fjárhagsskuldbindingum sjúkrahússins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur Fjórðungssjúkrahússins skulu endurskoða reikninga sjóðsins.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í bönkum eða sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69 frá 1941.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gleðja sjúklinga á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri með gjöfum á almælisdegi Kristjáns heitins Þorsteinssonar, þann 25. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn árið 1964. Skulu þeir sjúklingar sitja fyrir gjöfum úr sjóðnum, sem talizt geta einstæðingar og dvalið hafa hálf ár eða lengur í sjúkrahúsinu. Í þessu skyni skal verja 90% — níutíu af hundraði — vaxtatekna sjóðsins ár hvert, en afgangurinn skal lagður við höfuðstólinn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Yfirlæknir handlækningadeildar Fjórðungssjúkrahússins, sem er formaður sjóðstjórnar, yfirlæknir lyflækningadeildar og yfirhjúkrunarkona. Sjóðstjórnin skal bóka í sérstaka gerðabók allar ákvarðanir sínar um gjafir úr sjóðnum.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Akureyri, 10. marz 1963.

Þorsteinn Jónsson.

Guðrún Guðmundsdóttir.

S A M Þ Y K K T

um sveitarstjóra í Blönduóshreppi í Húnavatnssýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kys sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tilögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um að öll störf, sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar, annar en áhættuþóknunar, sem honum verði greidd eftir sömu reglum og innheimtumönnunum ríkisins. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.